

5. að hann hefir krafði nokkra viðskiptamenn útbúsins um vexti, sem hann færði ekki til tekna í ársreikningi þess,
6. að hann hefir hækkað útistandandi skuldir útbúsins með því að færa útistandandi skuldir sínar inn í bækur þess,
7. að hann hefir ekki talið allar tekjur útbúsins á ársreikningum þess,
8. að hann hefir skýrt rangt og villandi í bókum útbúsins frá mikilsvarðandi atriðum,
9. að hann hefir samið og sent yfirboðurum sínum ranga reikninga og röng fylgiskjöl með þeim.
10. að hann hefir sýnt stórkostlegt hirðuleysi í bókfærslu.

Ákærði er fæddur 14. sept. 1876 og hefir ekki áður sætt ákæru eða verið refsað. Hann var opinber sýslunarmaður, og ber þá að heimfæra afbrot hans undir 136. gr. 1.—3. mgr., 138. gr. og 144. gr., allar sbr. við 145. gr., sbr. einnig 34. gr. hegningarlaganna. En með tilliti til þess, að honum voru ekki settar ákveðnar reglur um starfrækslu útbúsins og hann virðist hafa sætt vægu eftirliti af hálfu yfirboðara síns, ákveðst refsingin betrunarhússvinna í 5 ár. Einnig verður hann að greiða allan kostnað, sem orðinn er og verður af málinu.

Skaðabótakrafa hefir ekki verið gerð í málinu.

Rannsókn málsins hefir staðið lengi yfir, og er gerð grein fyrir ástæðum til þess í dómssgerðunum. En á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. okt. 1932.

Nr. 46/1932. **Réttvísinn** (Guðm. Ólafsson).

gegn

**Ísleifi Högnasyni, Jóni Hafliðasyni,
Jóni Rafnssyni og Kristmundi Jóns-
syni** (Th. B. Lindal).

Brot gegn 212. gr., sbr. 48. gr. alm. hegningarлага.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 19. febr. 1932: Ákærðir, Ísleifur Högnason og Jón Rafnsson, eiga að greiða

300 króna sekt hvor í rikissjóð áður en fjórar vikur eru liðnar frá löglegri birtingu þessa dóms, en afplána hana annars, hvor með þriggja vikna einföldu fangelsi, sé ekki réttilega greitt.

Ákærði, Jón Hafliðason, og Kristmundur Jónsson, eiga að vera sýknir af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Kostnað málsins, sem orðinn er og verður, greiði þeir Ísleifur Högnason og Jón Rafnsson einn fyrir báða og báðir fyrir einn að jöfnu, þó þannig að málsvarnarlaun verjanda, Ísleifs Högnasonar, greiðist með 10 krónum af Jóni Rafnssyni, en 20 krónum af almannafé.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem fram er komið í málinu má telja sannað, að hinir ákærðu, Ísleifur Högnason og Jón Rafnsson, hafi haft í hótunum um að beita þá ofbeldi, er stýrðu uppskipun eða störfuðu að henni á eimskipinu Gullfossi í Vestmannaeyjum þann 24. jan. 1931, ef með þyrfti til þess að stöðva vinnuna. Verknaður þeirra varðar við 212. gr. almennra hegningarlaga, sbr. við 48. gr. sömu laga, og þykir refsing þeirra fyrir hann hæfilega ákveðin, með hliðsjón af 50. gr. sömu laga, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar samkvæmt 1. gr. laga 39/1907 og falli fullnægjugerð refsingarinnar niður, ef hinir ákærðu fullnægja skilyrðum nefndra laga þar að lútandi.

Það verður eigi talið sannað gegn neitun hinna meðákærðu, Jóns Hafliðasonar og Kristmundar Jónssonar, að þeir hafi leyst eða skorið á fangalínu uppskipunarbáts þess, er í málinu greinir, og um meðsekt þeirra í broti hinna ákærðu, Ísleifs Högnasonar og Jóns Rafnssonar, eru eigi nægilegar upplýsingar framkomnar í málinu, enda rannsókn um

það atriði mjög ófullkomin. Verður því að sýkna þá af kærum réttvísinnar í máli þessu. Það sést ekki í skjölum málsins, að héraðsdómarinn hafi skipað meðákærða, Ísleif Högnason, talsmann þriggja hinna ákærðu og verður honum þegar af þeirri ástæðu ekki dæmd þóknun fyrir vörn hans fyrir undirrétti. Hinum ákærðu, Ísleifi Högnasyni og Jóni Rafnssyni, ber eins og málið er vaxið að greiða allan annan sakarkostnað in solidum í héraði og svo allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 kr. til hvors.

Um rannsókn og meðferð málsins í héraði at-
hugast, að rannsóknin virðist hafa dregizt óþarf-
lega lengi, með því að eigi sést, að dómarinn hafi
gert neitt í málinu frá 26. febr. 1931 til 24. júní s.
á, án þess að þessi dráttur sé réttlættur, að rann-
sóknin er að ýmsu leyti ófullkomin, einkum sam-
band meðákærðu, Jóns Hafliðasonar og Krist-
mundar Jónssonar, við hina ákærðu, Ísleif Högn-
ason og Jón Rafnsson, að engin vitna þeirra, sem yf-
irheyrð voru, hafa verið eiðfest, enda þótt skýrslur
þeirra væri í ósamræmi við framburð hinna á-
kærðu, og að fæðingarvottorða hinna ákærðu hefir
ekki verið aflað, enda þótt þess væri kostur án þess
að málið þyrfti að dragast neitt þess vegna.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Jón Hafliðason og Kristmund-
ur Jónsson, eiga að vera sýknir af kærum rétt-
vísinnar í máli þessu.

Hinir ákærðu, Ísleifur Högnason og Jón
Rafnsson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt

fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarrinnar samkvæmt 1. gr. laga nr. 39/1907 og fellur fullnægjuerð hennar niður, ef hinir dómfelldu halda skilyrði nefndra laga þar að lútandi. Svo greiði þeir og in solidum allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Theódórs Lindal, 120 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim Ísleifi Högnasyni, kaupfélagsstjóra, Helgafellsbraut 19, Jóni Hafliðasyni, verkamanni á Bergstöðum, Jóni Rafnsyni, Helgafellsbraut 19 og Kristmundi Jónssyni, Hamri, fyrir brot á 20. kapitula alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

Málavextir eru þessir: Hinn 24. janúar f. á. kom eimskipið Gullfoss til Vestmannaeyja og byrjaði afgreiðslan, Gunnar Ólafsson & Co., að láta skipa vörum upp úr skipinu. Komu þá nokkrir menn og þar á meðal ákærðu í máli þessu á vélbát út í skipið. Kærði stjórn Eimskipafélags Íslands, og hafði fyrir sér skýrslu skipstjórans, Sigurðar Péturssonar, fyrir það, að reynt hefði verið af þessum mönnum að hindra uppskipunina, að stjakað hefði verið við skipstjóranum og að stypingar hefðu orðið um borð. Við rannsókn málsins hefir það orðið upplýst með framburðum þeirra Bjarna Jónssonar fyrsta stýrimanns og Jónasar Böðvarssonar annars stýrimanna á Gullfossi, að þeir Jón Rafnsson og Ísleifur Högnason höfðu í hótunum um það að stöðva vinnuna vegna uppskipunarinnar, ef skipsmenn ætluðu að framkvæma hana, og einnig er upplýst með vitnisburði Sigurðar Péturssonar skipstjóra, að Jón Rafnsson sagðist myndi hindra vinnuna um borð. Þá

hefir einnig Sigurður Einarsson timburmaður á Gullfossi borið, að hann hafi heyrt menn þá, sem orð höfðu fyrir þeim flokki manna, sem úr landi kom á vélbátnum samkvæmt framangreindu, hafa í hótunum að stöðva vinnuna. Þá má og telja sannað, að uppskipunarbatúr sá, sem afgreiðslan sendi úr landi til þess að taka vörur úr skipinu, var á meðan á því stóð, á einhvern hátt losaður frá skipinu. En samkvæmt réttarprófunum var för manna þessara um borð í Gullfoss sprottin af kaupdeilu, sem var í landi milli verkamannafélagsins annars vegar og afgreiðslu Eimskipafélags Íslands hinsvegar. Ákærði, Jón Rafnsson, hefir kannazt við það, að það hafi verið sinn persónulegi vilji að hindra vinnuna um borð í Gullfossi, ef þörf krefði, til þess að skipið fengi ekki afgreiðslu og kröfur verkamannafél. Drifanda næðu með því fram að ganga. En hann hefir neitað því að hafa hótað að gera þetta, heldur aðeins mælt til þess við skipstjóra, að hann léti ekki afgreiða skipið. Ákærði, Ísleifur Högnason, hefir kannazt við að tilætlunin með förinni hafi verið sú, að fá menn til að hætta vinnu í Gullfossi vegna kaupdeilunnar, en neitar hinsvegar að hafa haft í hótunum við skipstjóra í þessu skyni. Um stympingar manna á milli er ekki sannað neitt slíkt, að það þyki varða við lög. Með réttarprófunum er það upplýst, að uppskipun umrætt sinn úr Gullfossi var framkvæmd og skipið fékk afgreiðslu þó að hún tefðist um lítinn tíma vegna komu áður nefndra manna um borð í skipið.

Það má eftir vitnaframburðunum telja sannað, þrátt fyrir neitanir þeirra Ísleifs Högnasonar og Jóns Rafnssonar, að þeir hafi haft í hótunum við skipsmenn á Gullfossi að stöðva vinnuna þar um borð. Enda styðjast þessir vitnaframburðir við það, að ef það hefði verið rétt, að þeir Ísleifur og Jón hefði farið með friðsamlegum tilgangi, aðeins í því skyni að mælast til þess við skipstjóra, að hann léti hætta vinnunni um borð eða tala um slíkt við aðra menn, þar um borð, þá var óþarft af þeim að hafa með sér hóp manna úr landi, eins og upplýst má telja að verið hafi. Kemur því til álita, hvort að ákærðir, Jón Rafnsson og Ísleifur Högnason, hafi með þessu gerzt brotlegir gegn hegningarlögunum og er þá ekki að ræða nema um 212. gr. þeirra, samanborna við 46. gr. þeirra. Verð-

ur að réttarins dómi að telja, að svo hafi verið þar sem hótanirnar um að stöðva vinnuna hlutu að vera meintar þannig og skiljast á þá leið, að þetta ætti að gera með ofbeldi. Þykir refsingin, sem þeir hafa unnið til með þessu, með hliðsjón af 47. gr. hegningarlaganna og samkv. 212. og 46. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 300 kr. sekt handa hvorum hinna ákærðu, sem greiðist innan fjöggra vikna frá löglegri birtingu þessa dóms, í rikissjóð, en afplánist með þriggja vikna einföldu fangelsi af hvorum hinna dómfelldu sé sektin ekki réttilega greidd.

Enda þótt nokkrar líkur hafi komið fram yfir því, að ákærðu, Jón Hafliðason og Kristmundur Jónsson, hafi gert sig seka í tilraun til þess að hindra uppskipunina úr Gullfossi umrætt sinn með því að losa bátinn frá skipinu, verður þó ekki gegn eindreginni neitun hinna ákærðu talið að svo hafi verið.

Ákærðu, Jón Rafnsson og Ísleifur Högnason, eiga að greiða að jöfnu allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, að undanskildu því að Jón Rafnsson á að greiða Ísleifi Högnasyni 10 kr. í málsvarslaun, en hið opinbera greiði sama manni 20 kr. í málsvarnarlaun vegna þeirra, er sýknaðir voru.

Málsmeðferðin telst ekki hafa verið aðfinnsluverð.

Miðvikudaginn 12. okt. 1932.

Nr. 82/1932. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson).

gegn

Jóel Jónassyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bruggun.

Dómur löggluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. apríl 1932: Ákærður, Jóel Jónasson, bóndi í Bakkakoti í Leiru í Gerðahreppi, greiði sekt, kr. 500.00 til rikissjóðs, er afplánist með fangelsi í 31 dag, fáist sektin eigi greidd